Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántökuleyfi handa Sandaprestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi yðar, dagsettu 5. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn að Söndum, síra Kristinn Daníelsson, megi taka 600 kr. lán uppá Sandaprestakall í viðbót við lán það, sem hvílir á brauðinu samkvæmt brjefum mínum 1. júlí 1891 (Stj.tíð. 1891 B, bls. 98) og 10. nóvbr. 1892 (Stj.tíð. 1892 B, bls. 248). Skal lánið notað til hlöðubyggingar, eptir því sem nákvæmara er tiltekið í nefndu brjefi yðar, í stað fornrar torfhlöðu, og eru skilyrðin fyrir lántökuleyfi mínu að öðru leyti þau, *að* lánið endurborgist á 24 árum samfleytt frá lántökudegi að telja og ávaxtist með 4% árlega, *að* síðari helmingur lánsins verði eigi tekinn fyr en hlaðan er byggð og það er sannað með skoðunargjörð tveggja manna, að hún sje vel og vandlega byggð, þeirrar stærðar sem tiltekin er, og að minnsta kosti eins mikil virði og lánið allt að viðbættu virðingarverði hinnar niðurlögðu hlöðu, og *að* hlaðan verði vátryggð gegn eldsvoða fyrir 600 kr. að minnsta kosti. 1. 26. jan.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu að hið umbeðna lán getur eigi orðið veitt úr landsjóði.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu* **um aðflutningsgjald af bitter.** — Með brjefi yðar, dagsettu 1. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá verzlunarstjóra F. R. Wendel á Þingeyri, þar sem hann ber sig upp undan því, að þjer hafið krafið í toll 1 kr. af hverjum pela eptir lögum 11. nóvbr. 1899 um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872 af samtals 60 pottum af bitter, sem flutzt hafði f. á. til verzlunar þeirrar, er hann veitir forstöðu, og fer fram á, að verzlunin verði undanþegin því að greiða hærri toll af bitter þessum en »öðrum vínföngum«, með því að bitterinn sje að eins 8° að styrkleika, og sje ætlaður til neyzlu óblandaður. 2. 28. jan.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til birtingar fyrir nefndum verzlunarstjóra, að þegar af þeirri ástæðu, að eigi liggur fyrir nein sönnun fyrir því að hinn umræddi bitter sje þannig lagaður, að hans

28. dag febrúarmánaðar 1901.

Reykjavík — Ísafoldarprentsmiðja.